

Umhverfisstofnun
Áb. ABB ABG
06. okt. 2015
08.08.01
Tilv. U57201506-005



Akureyrarkaupstaður - Framkvæmdadeild
Geislagötu 9
600 Akureyri

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 1. október 2015
Tilv.: UMH15050079/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 27. maí sl. um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir rekstur Malbikunarstöðvar Akureyrarbæjar á meðan unnið er að gerð nýs starfsleyfis. Fram kemur í framangreindu erindi að starfsleyfi fyrir stöðina hafi gilt til 1. júní 2015 og að rekstraraðili hafi sótt um nýtt starfsleyfi með umsókn, dags. 28. nóvember 2014. Óskar rekstraraðili eftir því að veitt verði undanþága til áframhaldandi reksturs meðan á starfsleyfisferlinu stendur.

Í 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi dags. 16. júní 2015. Þar staðfestir stofnunin að rekstraraðili hafi sótt um nýtt starfsleyfi og sé umsóknin til meðferðar hjá stofnuninni. Hvorki hafi verið skráð frávik né athugasemdir í starfsemi rekstraraðila í eftirlitsskýrslu, dags. 8. september 2014. Umhverfisstofnun telji rétt að ráðuneytið veiti rekstraraðila undanþágu frá starfsleyfi á meðan unnið er að nýju starfsleyfi rekstraraðila.


Umsögn Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 4. september 2015. Þar kemur fram að nefndin geri ekki athugasemdir við veitingu umbeðinnar undanþágu.

Í ljósi þess að verið er að vinna að gerð nýs starfsleyfis fyrir starfsemina og umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra fellst ráðuneytið á að veita Malbikunarstöð Akureyrar við Súluveg tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, sbr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Er undanþágan veitt með þeim skilyrðum að starfsemin uppfylli að öðru leyti ákvæði eldra starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út þann 8. október 2004 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra á grundvelli þeirra.


Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. mars 2016.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Íris Bjargmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra